



Viðskiptablaðið, 03.12.2015, síðu 8
grein stærð: 480.55 sm²
grein hæð: 33.60 sm



Almar Guðmundsson segir að árangur tæknifyrirtækja sé eftirtektarverður, einkum í ljósi þess hve starfsumhverfið sé illa samkeppnishæft samanborið við nágrannalöndin.

VB MYND/BIG

Tæknigeirinn á hraðri siglingu

Útflutningstekjur tækni- og hugverkageirans hafa aukist úr 160 milljörðum í 290 milljarða á árunum 2009-2015. Frá því í fyrra hafa útflutningstekjur upplýsingatæknigeirans tvöfaldast.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Mikill vöxtur hefur orðið í tækni- og hugverkaiðnaði undanfarin ár og gangi spár Samtaka iðnaðarins eftir munu gjaldeyrstekjur þessa geira aukast um 15% í ár frá árinu 2014, sem er meiri hlutfallslegur vöxtur en hjá ferðaþjónustunni.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að útflutningstekjur þessa geira hafi numið um 160 milljörðum króna árið 2009, en útlit sé fyrir að þær verði um 290 milljarðar í ár. „Hér erum við að tala um tækni- og hugverkageirann í víðum skilningi. Sum þessara fyrirtækja eru að selja vörur, en þær byggja á rannsóknum og þróun. Má sem dæmi nefna Marel, Actavis og Össur. Þetta eru klárlega hugverkfyrirtæki, þótt söluvaran sé ekki stafræn.“

Þegar aðeins er horft á upplýsingatæknigeirann er vöxturinn síst minni þar. Útflutningur þessa undirgeira nam 44 milljörðum króna árið 2014, en miðað við fyrstu tvo fjórðunga þessa árs mun hann rétt ríflega tvöfald-

290

MILLJARÐAR

Útflutningur tæknigeirans í ár mun nema um 290 milljörðum í ár.

24%

TÆPUR FJÓRÐUNGUR

útflutningstekna landsins kemur frá tæknigeiranum.

ast og verður að öllum líkindum um 90 milljarðar króna, að því er kemur fram í tölum sem Samtök iðnaðarins hafa tekið saman.

„Stærstu gearar atvinnulífsins eru ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, stóriðja og svo „önnur starfsemi“, sem er að langstærstum hluta tækni- og hugverkaiðnaður. Þarna inni eru upplýsingatæknifyrirtæki, leikjafyrirtæki, verkfræðifyrirtæki og fyrirtæki sem framleiða vörur byggðar á rannsóknum og þróun. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hversu stór þessi geiri er. Ef spár okkar rætast mun þessi geiri taka fram úr sjávarútveginum hvað varðar útflutningstekjur. Þá verður tækni- og hugverkageirinn með rétt ríflega 24% af útflutningstekjum og sjávarútvegurinn

með rétt tæp 24%. Ferðaþjónustan er ennþá stærst, en þessi geiri hefur verið að sækja mjög á.“

Eigum í harðri samkeppni

Almar segir að ekki megi horfa framhjá jákvæðum samlegðaráhrifum á milli geiranna fjögurra. „Marel hefur notið þess hversu framarlega við stöndum í sjávarútvegi og mikil verkfræðibekking tengd stóriðju hefur orðið til herna í kringum álverin og er þessi þekking orðin útflutningsvara.“

Almar segir að þessar tölur sýni þann árangur sem náðst hafi þótt starfsumhverfi fyrirtækjanna hafi ekki verið eins og best verði á kosid. „Við verðum hins vegar að vera meðvituð um að við eigum í harðri samkeppni við nágrannalöndin um markaði, fólk og fyrirtæki. Þessi fyrirtæki eiga mun auðveldara með að flytja sig um set ef aðstæður eru mun betri annars staðar. Má sem dæmi nefna það hvernig tekið er á erlendum sérfræðingum sem koma tíma-bundið til starfa hjá fyrirtækjum. Þetta er þekking sem við þurfum mikið á að halda, en skattkerfið er fyrirtækjunum ekki hliðholt hvað þetta varðar. Þessar aðstæður eru meðal þess sem við viljum ræða á Tækni- og hugverkabingi Samtaka iðnaðarins sem fer fram á morgun, föstudag. Meðal ræðumanna verða Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra og vonum við að umræðurnar verði góðar og áhrifaríkar.“

Þingið fer fram í Gamla bíói og hefst klukkan 13.30.